

Tillaga frá Ívari Kristinssyni, gjaldkera – breyttar forsendur um ráðstöfun fjármuna

(til kynningar á aðalfundi 2026 og til umræðu innan félags fram að næsta aðalfundi)

Lagt er til að horfið verði frá þeirri nálgun að fjármagn sé fest varanlega innan deilda. Í stað þess verði tekin upp sú meginforsenda að **allt fjármagn sem safnast í deildum umfram skilgreindan grunnrekstur deilda verði skilgreint sem sameiginlegir sjóðir og renni í verkefnasjóð, þar með taldar tekjur af fatasöfnun og vextir.**

Deildir halda áfram að hafa aðgang að þessum fjármunum, en ráðstöfun þeirra fer fram í gegnum verkefnasjóð á grundvelli skýrt afmarkaðra verkefna, virkni og forgangsröðunar. Deildir hafa forgang að þeim fjármunum sem hafa safnast í viðkomandi deild og runnið í verkefnasjóð, í allt að eitt til þrjú ár frá innborgun, að því gefnu að fjármunirnir séu nýttir í verkefni sem samræmast markmiðum sjóðsins. Jafnframt myndi falla út kvöð á því fjármagni sem þau hafa forgang í um að mega ekki eiga of mikið uppsafnað fé og að styrkur úr verkefnasjóði geti ekki orðið hærri en sem nemur 90% af áætluðum kostnaði.

Verkefnasjóði er, með sérstökum reglum, veitt heimild til að styðja við aðstöðu fyrir verkefni, þótt það teljist ekki meginhlutverk sjóðsins. Slík stuðningur getur meðal annars falist í fjárveitingum til viðhalds húsnæðis, enda liggja fyrir að húsnæðið hafi verið nýtt í þágu verkefna á undanföllum árum eða ætla megi að það verði nýtt í tengslum við skilgreind verkefni á komandi tímabili. Með þessu er tryggt að húsnæði sé afleiða verkefna, ekki forsenda þeirra.

Ákveðið hlutfall, á bilinu 5–20%, af þeim fjármunum sem safnast í verkefnasjóð er skilgreint sem mögulegt nýsköpunarfjármagn. Undirbúningsnefnd verkefnasjóðs er heimilt að ráðstafa þessu fé til verkefna sem teljast nýsköpun, hvort sem um er að ræða nýja þróun, ný verkefni eða aðrar tilraunakenndar lausnir sem falla að mannúðarhlutverki félagsins.

Fyrir nýsköpunarverkefni gilda einfaldari mælikvarðar og aukinn sveigjanleiki, þar með talið viðurkenning á því að ekki öll verkefni nái settum markmiðum. Slíkt er talið eðlilegur hluti af þróun og lærdómi og skal ekki eitt og sér vera grundvöllur neikvæðs mats.

Greiðslur vegna bókhaldsþjónustu deilda falla niður. Í kjölfarið skal framlag kassatekna í verkefnasjóð og til deilda, sbr. liði b og c í samþykkt aukaaðalfundar 15. maí 2025, lækkað til samræmis. Samsvarandi fjárhæð rennur þess í stað til úthlutunar af hálfu landskrifstofu, sbr. lið d, og nemur breytingin þeim áhrifum sem leiða af breyttri meðferð tekna vegna fatasöfnunar.

Markmið tillögunnar

Markmið tillögunnar er að breyta forsendum fjármálastjórnunar þannig að fjármagn nýtist markvisst til verkefna í samræmi við tilgang félagsins. Með því er stefnt að því að:

- Draga úr því að fjármagn sitji óhreyft eða uppsafnað innan deilda.
- Auka gegnsæi, yfirsýn og ábyrgð við ráðstöfun fjármuna.
- Tryggja að fjármagn nýtist fyrst og fremst til verkefna og mannúðarstarfs.
- Styðja við faglega greiningu, forgangsröðun og nýsköpun.
- Minnka rekstraráhættu, bæði hjá deildum og á vettvangi stjórnar.

Meginefni tillögunnar

1. Grunnrekstur deilda

Grunnrekstur deilda er skýrt skilgreindur og tryggður. Tillagan felur ekki í sér skerðingu á daglegri starfsemi eða grunnverkefnum deilda, heldur að skýr aðgreining sé á milli nauðsynlegs rekstrar og umframfjármuna.

2. Fjármagn umfram grunnrekstur

Allt fjármagn sem safnast umfram skilgreindan grunnrekstur deilda telst sameiginlegt fjármagn og rennur í verkefnasjóð. Þetta á við óháð uppruna tekna, þar með talið tekjur af fatasöfnun og vexti.

Með þessu er tryggt að fjármagn sé í stöðugri hreyfingu og nýtist þar sem þörfin er mest, fremur en að festast innan einstakra eininga.

3. Forgangur deilda að eigin fjármunum

Deildir halda áfram að hafa aðgang að þeim fjármunum sem þær afla sjálfar, en í gegnum verkefnasjóð. Deildir hafa forgang að þeim fjármunum sem hafa safnast í viðkomandi deild og runnið í verkefnasjóð, í allt að eitt til þrjú ár, að því gefnu að fjármunirnir séu nýttir í skýrt afmörkuð verkefni.

Fjármunir eru því ekki teknir frá deildum, heldur settir í sameiginlegan ramma sem tryggir bæði yfirsýn og markvissa nýtingu.

Hafi deildir safnað upp meira fé en þörf er á tímabili þá er verið að koma í veg fyrir að uppsöfnun fjármuna verði í deildum.

4. Verkefnasjóður sem virkt stjórnþæki

Verkefnasjóður verður virkt stjórnþæki í starfsemi félagsins og er nýttur til að:

- fjármagna verkefni á grundvelli þarfa og áhrifa,
- styðja við greiningu á stöðu og þörfum deilda,
- gera mögulegt að ráða starfsfólk til stuðnings verkefnum,
- skapa rými fyrir þróun og nýsköpun.

Með þessu færast áherslan frá föstum rekstrareiningum yfir í verkefnadrifna starfsemi.

Áhrif og ávinningur

- Fjármagn er virkt og í hreyfingu, ekki bundið innan deilda.
- Sama umgjörð gildir fyrir allar deildir, sem eykur jafnræði og samræmi.
- Stjórn fær betri yfirsýn og raunhæfari forsendur til ákvarðana.
- Deildir fá skýrari ramma og faglegan stuðning við verkefnaval.
- Dreigið er úr uppsöfnun fjármuna án skýrrar nýtingar.

Grundvallarforsendu núverandi kerfis er breytt:

Áherslan færir frá því *hver heldur eftir fé yfir í hvernig og hvenær fé er nýtt*. Verkefni og virkni verða ráðandi, ekki staðsetning fjármuna.